



GÍSLA SAGA SÚRSSONAR

Útdráttur úr hverjum kafla sögunnar



1. kafli – Grásíða

- Sögusviðið er Noregur á dögum Hákonar Aðalsteinsfóstra (920-960).
- Ætt og uppruni aðalpersóna kynnt.
- Sverðið Grásíða kemur fyrir í fyrsta skipti.
- Björn hinn blakki nær fram vilja sínum með yfirgangi.
- Ingibjörg, ekkja Ara, lýsir því yfir að hún elski annan mann meir en bónda sinn.
- „*Eigi var ég Ara gift að ég vildi þig eigi heldur átt hafa.*“
- Gísli kvænist Ingibjörgu mágkonu sinni og heldur þannig ættinni saman og jafnfram miklum fjármunum innan hennar.
- Gísli Þorkelsson reynir að ná sverðinu Grásíðu af þrælum Kol með svikum. Þeir láta báðir lífið í átökunum.



2. kafli – Vonbiðlar Þórdísar

- Þorbjörn Þorkelsson (faðir Gísla Súrssonar) erfir föður sinn og bræður.
- Þorbjörn kvænist Þóru Rauðsdóttur og þau eiga fjögur börn; Þórdísi, Þorkel, Gísla og Ara. Fjölskyldan býr að Stokkum í Súrnadal.
- Þrír menn renna hýru auga til Þórdísar; Bárður, Kolbjörn og Hómgöngu-Skeggi.
- Þorbjörn er andvígur sambandinu og hvetur til viðbragða.
- Gísli drepur Bárð, vonbiðil systur sinnar og vin bróður síns.
- Þorkell verður ósáttur við bróður sinn.
- Samband systkinanna verður líklega aldrei heilt eftir þetta.



2. kafli – framhald

- Þorkell yfirgefur heimahagana og fer á fund Hólmgöngu-Skeggja í eyna Söxu.
- Hólmgöngu-Skeggi er skyldur Bárði.
- Þorkell hvetur til að Bárðar verði hefnt. Hann vill að Skeggi drepi Gísla bróður sinn og gangi að eiga Þórdísi.
- Skeggi skorar Kolbjörn vonbiðil Þórdísar á hólmi.
- Kolbjörn skortir kjark til hólmgöngu. Gísli tekur hlutverk hans að sér og heggur fótinn undan Skegga.
- Samband bræðranna Gísla og Þorkels verður betra eftir þennan atburð.



3. kafli – Hefndir

- Synir Hólmgöngu-Skeggja vilja hefna sín og ætla að brenna inni Þorbjörn súr og syni hans.
- Þeir þvinga Kolbjörn til þátttöku.
- Sextíu menn koma að Stokkum um nótt og bera eld að húsum. Tólf manns brunni inni.
- Fjölskylda Þorbjarnar bjargast úr eldinum en brennuvargar töldu að allir hefðu brunnið inni.
- Gísli og Þorbjörn safna liði, brenna Kolbjörn inni, drepa Skeggja og syni hans og ræna bæ þeirra.
- Hér lýkur þeim þeim þætti sögunnar sem gerist í Noregi. Súrssynir höfðu kallað yfir sig óvild manna og reiði og ákváðu því að flytja frá Noregi og héldu til Íslands.



4. kafli – Sigt til Íslands

- Ferðalangarnir eru í 120 daga á leið sinni til Íslands.
- Þeir feðgar kaupa land í Haukadal við Dýrafjörð, enda land alnumið.
- Gísli byggir bæinn að Sæbóli og kemur það sér vel síðar að vera gjörkunnugur húsaskipan þar.
- Ættum Auðar og Vésteins er lýst nákvæmlega enda koma þau mikið við sögu Gísla.
- Þorbjörn súr deyr og Þóra líka. Gísli og Þorkell taka við búi þeirra á Sæbóli í Haukadal.



5. kafli – Hjónabönd

- Helstu sögupersónurnar ganga í hjónaband.
 - Gísli – Auður Vésteinsdóttir
 - Þorkell – Ásgerður Þorbjarnardóttir selagnúps
 - Þórdís – Þorgrímur goði Þorsteinsson
- Stuttur aðdragandi er að hjónabandi Þórdísar og Þorgríms goða.
- Heimanmundur Þórdísar er Sæból og þar taka þau hjónin við búi.
- Gísli reisir nýjan bæ að Hóli og flytja þeir bræður þangað.
- Börkur bróðir Þorgríms goða býr áfram í Þórsnesi ásamt systursonum sínum, Saka-Steini og Þoroddi.
- Þorgrímur goði, Gísli, Þorkell og Vésteinn fara ásamt fjörutíu manns á vorþing „og voru allir í litklæðum“.



6. kafli – Á vorþingi

- Sýrdælir sitja við drykkju en aðrir menn voru að dómum.
- Arnór gassi kemur inn í búð þeirra Haukdæla og gagnrýnir framferði þeirra.
- Gísli leggur til að þeir taki þátt í þingstörfum og svo gera þeir.
- Menn hafa á orði að þeir félagar séu skrautlegir og skörulegir og gremst Þorkeli auðga það.
- Gestur Oddleifsson hinn spaki spáir ósætti í liði þeirra.
- Gísli hvetur til stofnun fóstbræðralags.
- Þorgrímur goði vill ekki gerast fóstbróðir Vésteins.
- Gísli segir bróður sínum að hann hafi grunað að svona færi.
- Þingi slitið og allir fara heim.

Ath. Vésteinn – Gísli – Þorkell og Þorgrímur – Þorkell



7. kafli – Veginn Þóroddur

- Norðmennirnir Þórir og Þórarinn koma til Dýrafjarðar og selja timbur.
- Þorgrímur goði festir kaup á timbri en gengur ekki strax frá allri greiðslu.
- Norðmennirnir vega Þórodd, son Þorgríms goða, eftir deilur sem koma upp þegar ganga á frá greiðslu fyrir timbrið.
- Þorgrímur eltir Norðmennina sem vógu Þórodd og kemur að þeim sofandi. Hann vekur þá en drepur áður en þeir ná vopnum sínum.
- Þorgrímur „verður nú frægur af ferð þessari“ auk þess sem hann eignast skip Norðmannanna.
- Þeir fóstbræður og mágar, Þorgrímur goði og Þorkell Súrsson, fara saman til Noregs og gerast hirðmenn konungs.
- Vésteinn og Gísli halda utan, brjóta skip sitt en halda fé og mönnum.

Dögurðardalur og Austmannafall



8. kafli – Peningur sem jarategn

- Skegg-Bjálfi gefur Gísla og Vésteini hálf skip og launa þeir honum vel fyrir.
- Þeir sigla til Danmerkur og dvelja um veturinn í Vébjörgum hjá Sigurhaddi.
- Sigurður vinur Vésteins gerir boð eftir honum og fer Vésteinn til Englands að hitta hann.
- Áður en Vésteinn fer smíðar Gísli smíðar forlata pening og lætur hann hafa helming hans til jarategna . . . „ef líf annars hvors okkar liggi við“.
- Gísli og Skegg-Bjálfi fara til Íslands, Bjálfi kaupir aftur sinn hluta af skipinu.
- Gísli kemur aftur í Dýrafjörð eftir góða ferð.



9. kafli – „Oft stendur illt af kvennahjali“

- Þorgrímur, Þorkell og Gísli koma samdægurs til Íslands og verða fagnaðarfundir.
- Þorkell og Gísli búa saman á Hóli. Gísli vinnur nótt með degi meðan Þorkell liggur heima í leti.
- Ásgerður og Auður sitja við sauma og spjalla saman. Fram kemur að Auður hafi átt vingott við Þorgrím goða áður en hún kynntist Gísla. Ásgerður segir frá því að hún sé ástfangin af Vésteini bróður Auðar.
- Þorkell liggur heima í leti og hlerar samtál kvennanna. Hann bregst æfareiður við ástarjátningum konu sinnar og hótar Vésteini manndrápi.
- Ásgerður hótar að skilja við mann sinn ef hann lætur málið ekki niður falla.
- Gísli og Auður ræða málin en Gísli sér ekki neina lausn. „Mæla verður einhver skapanna málum,“ segir hann.



10. kafli – Bræður skipta búi

- Þorkell vill að þeir bræður skipti búi, Gísli fellst á það en hefði frekar kosið að þeir byggju áfram saman.
- Þorkell fær allt lausafé en Gísli land og föðurarfleifð.
- Geirmundur fer með Þorkeli en Guðríður dvelur hjá Gísla.
- Þorkell flytur að Sæbóli til Þorgríms goða, fóstbróður síns og mágs.
- Gísli „saknar einskis í að nú sé búið verra en áður.“
- Veturnáttablót eru haldin bæði að Hóli og Sæbóli þótt Gísli hafi látið af blótum síðan hann var í Vébjörgum í Danmörku.
- Auður segir sakna þess að Vésteinn bróðir hennar sé ekki með þeim en Gísli segir: „ . . . ég vildi gjarna gefa til að hann kæmi hér nú eigi.“



11. kafli – Grásíða tekin fram

- Þorkell og Þorgrímur goði fá seiðskrattan Þorgrím nef til að smíða stutt spjót úr Grásíðubrotum.
- Önundur úr Meðaldal segir Gísla að Vésteinn sé kominn til landsins og að von sé á honum til Dýrafjarðar.
- Gísli sendir Hallvarð og Hávarð á móti Vésteini með jarategn ásamt skilaboðum um að hann skuli ekki koma í Haukadal heldur bíða heima hjá sér.
- Hallvarður og Hávarður fá lánaða tvo hesta hjá Bessa á Bessastöðum og ríða þeir undir Hest, heim til Vésteins.
- Sendimenn Gísla fara á mis við Véstein.



12. kafli – „Vertu var um þig“

- Vésteinn heldur áfram ferð sinni í Haukadal.
- Vésteinn er úrræðagóður maður svo sem sjá má þegar hann sættir húskarla Þorvarðar á Holti.
- Hallvarður og Hávarður snúa við eftir Vésteini, lenda í erfiðleikum en ná honum á Gemlufallsheiði.
- Vésteini eru færð skilaboðin og honum sýnt jarategnið. Hann segir: „Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar,“ þ.e. hann er kominn of langt til að geta snúið við.
- Vésteinn er varaður þrisvar sinnum við að fara í Haukadal en sinnir því ekki.
- Vésteinn kemur með gjafir að utan; refil, mundlaugar og höfuðdúk.
- Þorkell þiggur ekki gjafir Vésteins.



13. kafli – Vésteinn veginn

- ◆ Gísli lætur illa í svefni tvær nætur í röð. Hann vill ekki segja drauma sína.
- ◆ Mikið óveður skellur á um miðja nótt og nær allir dugandi menn fara út með Gísla að bjarga heyjunum.
- ◆ Vésteinn er eftir heima ásamt Auði systur sinni og þrælum Þórði huglausa.
- ◆ Skömmu fyrir birtingu læðist maður að hvílu Vésteins og vegur hann: „Hneit þar,” eru síðustu orð Vésteins.
- ◆ Auður biður Þórð að taka vopnið úr sárinu en hann skortir til þess kjark. Gísli fjarlægir hins vegar vopnið.
- ◆ Guðríður er send að Sæbóli að segja tíðindin og til að aðgæta hvað menn hefðust við þar. Þar voru menn vakandi og sátu með vopnum.
- ◆ Þorgrímur hefur orð á að þetta sé mikill mannskaði.



14. kafli – Vésteinn heygður

- ◆ Vésteinn er heygður (sbr. haugur) í sandmel við Seftjörn fyrir neðan Sæból. Fjöldi manns er viðstaddur.
- ◆ Þorgrímur goði bindur „helskó“ á Véstein. Það var táknræn athöfn.
- ◆ Þorkell margspyr Gísla bróður sinn hvernig Auði líði. Hún er kona Gísla og systir Vésteins.
- ◆ Gísli segir Þorkeli frá draumum sínum en af þeim má ráða hver banamaður Vésteins er.
- ◆ Þorkell biður Gísla að gera ekki meira mál úr þessu.
- ◆ Gísli samþykkir það með því skilyrði að Þorkell bregðist við á sama hátt síðar við sambærilegar aðstæður.



15. kafli – Ísknattleikur á Seftjörn

- ◆ Ísknattleikur á Seftjörn er vinsæl dægrastytting.
- ◆ Þorkell eggjar Gísla til að þjarma að Þorgrími goða. Gísli lætur til leiðast og „af gekk skinnið af hnúunum en blóð stökk úr nösunum; af gekk og kjötið af knjánum“.
- ◆ Í reiði sinni kastar Þorgrímur fram vísuparti þar sem fram kemur að hann harmar ekki dauða Véstein.
- ◆ Haustboð er haldið að veturnóttum á Hóli og Sæbóli.
- ◆ Þorgrímur sendir Geirmund nauðugan til Gísla eftir reflunum sem Vésteinn kom með að utan.
- ◆ Geirmundur fær reflana og lofar Gísla í staðinn að skilja eftir ólæstar dyr á Sæbóli um kvöldið.



16. kafli – Veginn Þorgrímur

- ◆ Veisla er haldin á Hóli og Sæbóli. Fjölmenni á báðum bæjum.
- ◆ Gísli fer um miðja nótt að Sæbóli með sverðið Grásíðu. Hann biður konu sína að vaka eftir sér.
- ◆ Gísli felur slóð sína í læk sem rennur milli Sæbólís og Hóls.
- ◆ Gísli þekkir vel húsaskipan að Sæbóli þar sem hann byggði sjálfur bæinn.
- ◆ Gísli læðist inn í skjóli nætur og vegur Þorgrím með Grásíðu.
- ◆ Þórdís systir Gísla vaknar og kallar upp fyrir sig en Gísli læðist óséður út.
- ◆ Menn á Sæbóli voru ölærir og kom þessi verknaður þeim að óvörum.



17. kafli – „Eigi kann ég skip að festa ef ...“

- ◆ Á Sæbóli verður uppi fótur og fit þegar Þorgrímur er veginn.
- ◆ Eyjólfur hvetur til þess að morðingjans verði leitað en menn hafa ekki árangur sem erfiði.
- ◆ Í birtingu er lík Þorgríms búið til grafar og síðan er fjölmennt til Hóla.
- ◆ Þórði huglausa er mikið niðri fyrir en Gísli lætur sér hvergi bregða.
- ◆ Þorkell og Eyjólfur ganga að hvílu Gísla og greina honum frá atburðum næturinnar. Þorkell sparkar snjóugum skóm Gísla undir rúmið.
- ◆ Gísli býðst til að sjá um útför Þorgríms. Hann festir skip hans með miklu bjargi.
- ◆ Gísli minnir Þorkel bróður sinn á samkomulag það sem þeir gerðu þegar Vésteinn var veginn og bregst hann vel við.



18. kafli – Játning Gísla

- ◆ Börkur Þorsteinsson, bróðir Þorgríms goða, fær Þorgrím nef til að sjóða seið og leggja þau álög á banamann Þorgíms að enginn muni liðsinna honum.
- ◆ Aldrei festi snjó á haug Þorgríms og þótti mönnum það furðulegt.
- ◆ Enn leika menn ísknattleik á Seftjörn.
- ◆ Börkur kvænist Þórdísi sem nú gengur með barn Þorgríms.
- ◆ Gísli hvetur Þorstein, systurson Þorgríms nef, gegn Berki.
- ◆ Gísli kvað vísu „sem hann æva skyldi“ þar sem hann gengst við morði Þorgríms. Þórdís systir hans heyrir vísuna.
- ◆ Þorsteinn, sonur Auðbjargar á Annmarkastöðum, bíður lægri hlut í deilum við Bök og hleypir hún skriðu á bæ með galdri.



19. kafli – „Eru oft köld kvenna ráð“

- ◆ Gísli aðstoðar Þorstein Þorkelsson annmarka við að komast úr landi.
- ◆ Bökur drepur Auðbjörgu á Annmarkastöðum fyrir að bana mönnum með galdri. Gísli hefnir hennar og drepur Þorgrím nef.
- ◆ Börkur og Þorkell hyggjast flytjast búferlum til Þórsness. Börkur er ósáttur við víg Þorgríms bróður síns.
- ◆ Þórdís, systir Gísla og ekkja Þorgríms, segir Berki digra frá vísu Gísla. Börkur bregst reiður við en að íhuguðu máli dregur hann orð konu sinnar í efa.
- ◆ Þorkell fer á laun til Gísla og segir honum hvað systir þeirra hefur í huga. Gísli undrast viðbrögð systur sinnar.
- ◆ Þorkell er aðeins tilbúinn að veita Gísla takmarkaða hjálp.
- ◆ Þorkell flytur á bæinn Hvamm á Barðaströnd. Börkur hyggst stefna Gísla. Þorkell varar Gísla við.



20. kafli – Þórði hinum huglausa fórnað

- ◆ Gísli selur Þorkatli Eiríkssyni lönd sín enda skorti hann lausafé.
- ◆ Þorkell er ekki tilbúinn að veita Gísla neina hjálp sem stríðir gegn lögum.
- ◆ Gísli ekur til skógar með Þórð hinn huglausa. Hann notar sér fávisku Þórðar og fórnar honum til að bjarga sjálfum sér frá óvinum sínum.
- ◆ Gísli sleppur undan óvinum sínum eftir að derpa tvo menn úr liði Barkar.
- ◆ Gísli yfirgefur bæ sinn og flytur í Geirþjófsfjörð ásamt konu sinni og Guðríði mey.



21. kafli – Gísli dæmdur sekur á þingi

- ◆ Gísli biður móðurbræður Auðar, Bjarmarssyni, að fara til þings og bjóða sættir til að koma í veg fyrir að hann verði dæmdur sekur.
- ◆ Bjartmarssonum mistekst og biðja Þorkel auðga segja Gísla frá því að hann hafi verið dæmdur sekur.
- ◆ Þorkell augði og Þorkell Eiríksson segjast báðir aðeins vilja veita Gísla takmarkaða aðstoð.
- ◆ Gísli dvelur þrjá vetur í Geirþjófsfirði og er stundum með Þorkatli Eiríkssyni.
- ◆ Næstu þrjá vetur fer Gísli um landið og leitar liðsinnis hjá höfðingjum.
- ◆ Vegna galdra Þorgríms nefs fékkst enginn til að ganga í lið með honum.
- ◆ Gísli dvelur nú ýmist í Geirþjófsfirði og eða í fylgsi sínu við kleifar.



22. kafli – Fyrsta sendiför Njósнар-Helga

- ◆ Börkur Þorsteinsson býður Eyjólfvi gráa þrjú hundruð silfurs til að leita Gísla og drepa hann.
- ◆ Eyjólfur grái sendir Njósнар-Helga í Geirþjófsfjörð að leita Gísla.
- ◆ Eyjólfur verður var við mannaferðir og fer til baka og lætur Njósнар-Helga vita.
- ◆ Eyjólfur fer ásamt sex öðrum mönnum en þeim tekst ekki að finna Gísla.
- ◆ Gísli segir Auði konu sinni frá draumkonum tveimur, annarri góðri en hinn verri.
- ◆ Draumar Gísla benda til þess að hann eigi sjör ár eftir ólifuð.
- ◆ Draumkonan hin betri ræður Gísla að láta af heiðnum sið og „vera vel við daufan og haltan og fátæka og fáráða“.

23. kafli – Önnur sendiför Njósna-Helga

- ◆ Börkur Þorsteinsson er ósáttur við framgang mála og hótar að hefja leit sjálfur.
- ◆ Eyjólfur grái sendir Njósna-Helga enn af stað á eftir Gísla og nú býr hann sig út fyrir vikuferð.
- ◆ Njósna-Helgi verður var við Gísla og lætur Eyjólf vita. Þeir hefja árangurslausu leit í Geirþjófsfirði.
- ◆ Eyjólfur grái býður Auði fé fyrir að segja til Gísla og hótar henni líkamsmeiðingum þegar hún neitar. Ferð þeirra þykir hin „hæðilegasta“.
- ◆ Gísli gerir sér grein fyrir að honum er hætta búin í Geirþjófsfirði, leitar til Þorkels bróður síns í þriðja sinn eftir hjálp en hann býður honum aðeins peninga eða fararskjóta.
- ◆ Þorgerður, móðir Gests Oddleifssonar skýtur skjólshúsi yfir Gísla og dvelur hjá henni í góðu yfirlæti.



24. kafli – Gísli flýr út í Hergilsey

- ◆ Gísli á erfitt með að vera langdvölum frá Auði konu sinni og dvelur hjá henni á laun á sumrin en hjá Þorgerði í Vaðli yfir veturinn.
- ◆ Draumar Gísla verða sífelldu erfiðari.
- ◆ Gísli leitar liðsinnis hjá Þorkeli bróður sínum í fjórða og síðasta sinn. Þorkell er ófús að tala við hann og skerst undan allri liðveislu. Hann býður honum vistir og skip.
- ◆ Gísli spáir því að þeir bræður muni ekki sjást aftur og að Þorkell muni verða drepinn fyrr en hann.
- ◆ Gísli hvolfir skipinu við Hergilsey á Breiðafirði og lætur líta svo út að hann hafi stolið því og sjálfur farist.
- ◆ Ingjaldur í Hergilsey, frændi Gísla, býður honum „allan greiða og alla björg þá er hann mátti honum veita“.



25. kafli – Gísli dylst í Hergilsey

- ◆ Í Hergilsey búa auk Ingjalds, Þorgerður kona hans, Helgi sonur hans, ambáttin Bóthildur og þrællinn Svartur.
- ◆ Gísli dylst í Hergilsey í þrjá vetur en dvelur hjá Auði á sumrin.
- ◆ Gísli er mikill hagleiksmaður og smíðar skip handa Ingjaldi ásamt fleiri gripum. Fregnir af þessu berast óvinum Gísla.
- ◆ Njósna-Helga er sendur til Hergilseyjar til að grennslast fyrir um hvort Gísli sé á lífi og dvelji hjá Ingjaldi.
- ◆ Helgi gerir sér upp veikindi og dvelur yfir nótt í Hergilsey. Hann kemst að hinu sanna og snýr aftur til Þórsness og lætur Bök vita.
- ◆ Fimmtán manns halda til Hergilseyjar á eftir Gísla.
- ◆ Sama dag halda Ingjaldur og Gísli til fiskveiða á einu skipi og Bóthildur og Svartur öðru.



26. kafli – Gísli dulbýst sem Ingjaldsfíflíð

- ◆ Ingjaldur sér skip sigla að sunnan í átt til þeirra. Gísli veltir fyrir sér hvort Ingjaldur sé jafn hygginn og hann er góður og spyr hann ráða.
- ◆ Ingjaldur er tilbúinn að leggja líf sitt í sölurnar fyrir Gísla og leggur til að þeir berjist við óvinina. Gísla finnst fráleitt að þiggja það boð.
- ◆ Ingjaldur og Svartur búast til að taka á móti óvinunum á Vaðsteina-bergi, Gísli bregður sér í gervi Helga Ingjaldssonar og fer á bátinn með Bóthildi.
- ◆ Bóthildur læst róa til veiða og fer á móti Berki. Gísli lætur öllum illum látum og þykist vera Ingjaldsfíflíð. Hafa menn gaman af.
- ◆ Börkur leggur hart að Ingjaldi að framselja Gísla. Slíkt hvarlar ekki að Ingjaldi.
- ◆ Enginn reyndist Gísla jafnvel í útleigðinn og Ingjaldur enda náðu galdrar Þorgríms nefs ekki til úteyja.



27. kafli – Gísli snýr enn á óvini sína

- ◆ Börkur og hans menn leita Gísla í Hergilsey. Þeir átta sig á blekkingu Gísla þegar þeir sjá Helga Ingjaldsson.
- ◆ Menn fara á eftir Gísla en hann sleppur naumlega undan þeim.
- ◆ Gísli launar Ingjaldi og konu hans fyrir sig með gullhringum og biður jafnframt um að ambáttinni og þrælnum verði gefið frelsi.
- ◆ Óvinirnir sækja að Gísla og fellir Gísli Saka-Stein, systurson Barkar.
- ◆ Börkur skýtur spjóti á eftir Gísla og særir hann illa. Gísli kemst undan en tapar sverði sínu.
- ◆ Gísli kemst við illan leik að Haugi til Refs og Álfdísar. Þau fela Gísla í rekkju Álfdísar og lætur hún öllum illum látum þegar hans er leitað þar. Þannig snýr Gísli enn á óvini sína.
- ◆ Gísli dvelur um sinn í Haugi en fer síðan til Geirþjófsfjarðar til konu sinnar.



28. kafli – Víg Þorkels

- ◆ Menn streyma hvaðanæva að á Þorskafjarðarþing, meðal þingmanna eru Gestur Oddleifsson, Börkur Þorsteinsson, Þorkell Súrsson og Hallbjörn göngumaður.
- ◆ Með Gesti koma ungir piltar, Helgi og Bergur Vésteinssynir, og fá þeir búðarrúm með Hallbirni.
- ◆ Þorkell er áberandi prúðbúinn á þingi. Hallbjörn vísar piltunum á Þorkel, enda þekktu þeir hann ekki í sjón.
- ◆ Piltarnir skjalla Þorkel og fá að skoða sverð hans. Bergur, sá eldri, reiðir upp sverðið og rekur á hálsinn Þorkatli svo að af tók höfuðið.
- ◆ Hallbjörn hleypur í burtu og piltarnir á eftir honum. Börkur kemur að þeim og spyr hver hafi unnið verkið en enginn þykist kannast við það.
- ◆ Sveinarnir hlaupa til skógar og finnast ekki.



29. kafli – Vésteinssynir komast undan

- ◆ Hallbjörn og menn hans þykjast ekki vita nein deili á piltunum en lýsa útliti þeirra þannig að Börkur þykist vita hverjir þeir eru.
- ◆ Börkur ræðir við Gest Oddleifsson sem ráðleggur honum að höfða ekki mál á hendur piltunum. Menn álíta að Gestur hafi verið með piltunum í ráðum því hann var skyldur þeim.
- ◆ Málið er látið niður falla og Þorkell er heygður að fornum síð.
- ◆ Börkur unnir sem fyrr illa við ferð sína.
- ◆ Piltarnir liggja úti í Geirþjófsfirði í tíu daga. Þar fara síðan um nótt og hitta Auði, föðursystur sína, og greina henni frá atburðunum.
- ◆ Auður sendir þá til Bjartmarssona í Mosdal en kýs að halda atburðunum leyndum fyrir Gísla.
- ◆ Piltarnir halda til skóga og neyta þar matar sem Auður sendi þá með og sofna síðan.



30. kafli – Hefndarskyldan

- ◆ Auður segir Gísla frá vígi Þorkels og spyr hvort hann vilji hefna hans eða aðstoða bróðursyni hennar.
- ◆ Hún segir líka að piltarnir hafi viljað leita ásjár Gísla.
- ◆ Gísli segist ekki geta liðsinnt bróðurbana sínum og vill drepa þá.
- ◆ Auður segir þá Gísla að hún hafi haft vita á að senda þá í burtu.
- ◆ Gísli tekur því vel.
- ◆ Nú eru liðin fimm ár af þeim sjö sem draumkona Gísla hafði sagt að hann ætti eftir ólifuð.
- ◆ Draumar Gísla ágerast.
- ◆ Draumkonan hin betri kemur á gráum hesti og sýnir Gísla hvert hann muni fara þegar hann deyr.



31. kafli – Eyjólfur mútar Auði

- ◆ Njósna-Helgi er enn sendur í Geirþjófsfjörð og með honum Hávarður.
- ◆ Eitt kvöld sjá þeir eld í kleifunum. Helgi stingur upp á að þeir hlaði vörðu til að finna staðinn aftur þegar birti.
- ◆ Þegar Helgi sefur ber Hávarður steinana úr vörðunni. Hann keyrir síðan stóran stein niður í bergið þannig að Helgi hrekkur upp.
- ◆ Hávarður segir Helga að maður sé í skóginum og að hann hafi grýtt mörgum steinum að þeim. Helgi hleypur sem fætur toga til skips enda gerir hann ráð fyrir að þarna sé Gísli á ferð.
- ◆ Eyjólfur bregst fljótt við fréttum af Gísla og fer við tólfta mann að leita vörðunnar árangurslaust.
- ◆ Eyjólfur er mjög ósáttur. Hann fer til Auðar og býður henni 300 silfurs fyrir að segja til Gísla. Jafnframt býðst hann til að finna annan og betri mann handa henni.
- ◆ Auður virðist ekki afhuga þessu og vill skoða silfrið.



32. kafli - . . . að kona hefur barið þig

- ◆ Guðríður mey segir Gísla að Auður ætli sér að svíkja hann. Gísli fullvissar hana um að slíkt muni hún ekki gera.
- ◆ Auður spyr Eyjólf hvort hún megi gera það sem hún vilji við silfrið. Eyjólfur játar því glaður í bragði.
- ◆ Auður rekur peningasjóðinn á nasir Eyjólfur „svo að þegar stekkur blóð um hann allan“.
- ◆ „Skaltu það muna, vesall maður, meðan þú lifir að kona hefur barið þig,“ segir Auður.
- ◆ Eyjólfur segir: „Hafið hendur á hundinum og drepi, þó að blauður sé.“
- ◆ Hávarði finnst þessi för öll vera á þann veg að ekki sé illt á bætandi og hvetur menn til að koma í veg fyrir þetta níðingsverk.
- ◆ Auður gaf Hávarði gullhring fyrir liðveisluna. Hávarður yfirgefur Eyjólf gráa og fer til Gestis Oddleifssonar.



33. kafli – Slæmar draumfarir

- ◆ Gísla þykir nú vera fokið í öll skjól og heldur til í jarðhúsum sínum yfir sumarið.
- ◆ Veturnir sjö, sem betri draumkonan spáði Gísla, eru liðnir.
- ◆ Gísli lætur illa í svefni og draumar hans verða sífellt meira íþyngjandi.
- ◆ Myrkfælni ásækir Gísla og hann þorir ekki að vera einn.
- ◆ Draumar Gísla benda til að nú sé ekki langt eftir. Hann dreymir m.a. óvini sína og bardaga við þá.



34. kafli – Lokabardaginn

- ◆ Síðastu sumarnóttina vaka Gísli, Auður og Guðríður í Auðarbæ.
- ◆ Gísli vill yfirgefa húsin. Þau fara öll í fylgsni hans en skilja eftir sig slóð sem auðvelt er rekja.
- ◆ Þegar Eyjólfur kemur við hinn fimmtánda mann færa Gísli og konurnar sig ofar í kleifarnar þar sem aðstaða er best til varnar.
- ◆ Eyjólfur hvetur Gísla til að láta ekki elta sig lengur eins og hugleysingja. Gísli hvetur Eyjólf til að sækja fyrst að sér og lætur að því liggja að hann muni skorta áræðni til að gera svo.
- ◆ Eyjólfur biður Njósnar-Helga að ráðast fyrst að Gísla. Njósnar-Helga lætur til leiðast en sakar Eyjólf um bleyðuskap.
- ◆ Gísli „snarar í móti Helga og reiðir upp sverðið og rekur á lendarnar svo að í sundur tók manninn í miðju . . .“.
- ◆ Auður slær til Eyjólf og „hratar hann ofan aftur“.



35. kafli – Bardaginn heldur áfram

- ◆ Tveir menn halda Auði og Guðríði mey og hafa ærið verk að vinna.
- ◆ Gísli verst dyggilega með grjóti og vopnum.
- ◆ Gísli nær að bana þremur óvinum til viðbótar.
- ◆ Eyjólfur biður menn sína að sækja að sem karlmannlegast.
- ◆ Gísli kemur óvinum sínum á óvart og hleypur upp á Einhamar og verst þaðan.
- ◆ Hlé verður á bardaganum enda menn orðnir móðir og sárir.



36. kafli – Gísli fellur

- ◆ Gísli fellir enn einn óvininn með því að kjúfa hann í herðar niður.
- ◆ Gísli gerir lítið úr hetjuskap Eyjólfis og segir að hann muni áreiðanlega vilja bæta við þau þrjú hundruð silfurs sem Börkur greiddi honum fyrir að hafa aldrei tekið þetta verk að sér.
- ◆ Óvinirnir ræða málin sín á milli og vilja ekki fyrir nokkurn mun gefast upp. Þeir herða sókina og ráðast margir í senn að Gísla. Koma þeir á hann sárum með spjótalögum.
- ◆ Gísli verst með grjóti og höggum og er enginn maður ósár.
- ◆ Eyjólfur og frændur hans sækja að Gísla, leggja til hans með spjótum „svo út falla iðrin“.
- ◆ Gísli kveður sína síðustu vísu, stekkur ofan af hamrinum, klífur um leið frænda Eyjólfis niður í mitti. Lýkur þar með ævi Gísla.
- ◆ Gísli er dysjaður en þeir sem eftir lifa halda til síns heima.

37. kafli - „Gráta mun ég Gísla bróður minn“



- ◆ Eyjólfur grái fer til fundar við Börk hinn digra og flytur honum tíðindin.
- ◆ Börkur fagnar falli Gísla og biður Þórdísi að gera vel við Eyjólf.
- ◆ Þórdís gerir tilraun til að ráða Eyjólf gráa af dögum með hans eigin sverði en mistekst og stingur hann í lærið og hlýtur hann stórt sár.
- ◆ Börkur rífur sverðið af Þórdísi og uppi verður fótur og fit.
- ◆ Börkur bauð Eyjólfi sjálfðæmi fyrir þetta og fór hann fram á full manngjöld.
- ◆ Þórdís segir skilið við Börk og segist ekki munu sænga hjá honum oftár. Við það stóð hún.
- ◆ Eyjólfur fer heim og unir illa við ferð sína.



38. kafli - Sögulok

- ◆ Synir Vésteins fara til Gests Oddleifssonar, frænda síns, og biðja hann að hjálpa sér við að komast til Noregs. Þeir biðja hann einnig að aðstoða Gunnhildi, ekkju Vésteins, Auði og systkinin Guðríði og Geirmund.
- ◆ Bergur Vésteinsson gengur um götu í Noregi og leitar að dvalarstað fyrir ferðalangana þegar Ari Súrsson vegur hann.
- ◆ Helgi Vésteinsson fær far til Grænlands og sest þar að. Hann týndist síðar í veiðiför.
- ◆ Auður og Gunnhildur taka kristna trú og fara til Rómaborgar.
- ◆ Geirmundur kvænist og sest að í Noregi.
- ◆ Guðríður giftist og eignast marga afkomendur.
- ◆ Ari Súrsson fer til Íslands. Hann býr á Mýrum og eignast afkomendur.



Fleyg orð úr Gísla sögu (1)

- Eigi var ég Ara gift að ég vildi þig eigi heldur átt hafa.
- Eigi munu þeir allir samþykkir hið þriðja sumar er þar eru nú í þeim flokki.
- Ærinn vanda hef ég þótt ég geri þetta við þá báða, Þorkel og Gísla, en mig skyldir ekki til við Véstein.
- Oft stendur illt af kvennahjali og má vera að hér hljótist af í verra lagi.
- Engar sóttir eru á mér en sóttum verra er þó.
- Mæla verður einhver skapanna málum og það mun fram koma sem auðið verður.
- Saman er bræðra eign best að líta og að sjá.
- Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar.
- Margt hefur skipast í Haukadal.
- Eigi eru launin sýnni en svo.
- Hneit þar.



Fleyg orð úr Gísla sögu (2)

- Ekki kann ég helskó að binda ef þessir losna.
- Allt kann sá er hófið kann.
- Skammt er þá milli illra verka og stórra ...
- Eigi kann ég skip að festa ef þetta tekur veður upp.
- Eru oft köld kvenna ráð.
- Ekki hirði ég um spár þínar.
- Ég hef vond klæði og hryggir það mig ekki þó að ég slíti þeim eigi gerr.
- Bæði er nú að mikið er sagt frá fíflinu Ingjalds enda deilist það nú heldur víðara en ég hugði.
- Eigi veit ég hvað þeir þinga en það hygg ég að þeir þræti um hvort Vésteinn hefði átt eftir dætur einar eða hefði hann átt son nokkurn.
- Fé er best eftir feigan.
- Skaltu það muna, vesall maður, meðan þú lifir að kona hefur barið þig.



Fleyg orð úr Gísla sögu (3)

- Hafið hendur á hundinum og drepi þó að blauður sé.
- Það vissi ég fyrir löngu að ég var vel kvæntur en þó vissi ég eigi að ég væri svo vel kvæntur sem ég er.